

ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vitavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

1. Dánarbætur:

- a) 1 milljón króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema $\frac{3}{4}$ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.

Við 7. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennt meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1973 nema fyrri liður 1. gr., sem öðlast gildi 1. jan. 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 16 16. febr. 1943, um orlof, og lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964, um breyting á þeim lögum.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nr. 110.

31. desember 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða:

a. Regla 2 orðist svo:

2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í tollskrárnúmeri, tekur það einnig yfir ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, ef þær við innflutning að öllu verulegu leyti lita út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það yfir þessar vörur fullgerðar eða heilar (eða vörur, sem flokkast þannig skv. þessum lið), þegar þær eru fluttar inn ósamsettar eða sundurteknar.

b. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samblöndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.

b. Regla 3 b (2. lína):

„a“ verði „3 a“.

c. Regla 3 c (1. lína):

„a eða b“ verði „3 a eða 3 b“.

d. Regla 4 falli niður.

e. Regla 5 verði regla 4.